



## VERKLAGSREGLA UM VEF HAFNARFJARÐARBÆJAR

Úr upplýsingastefnu Hafnarfjarðarbæjar: *Heimasíða bæjarins á að vera gagnvirk og þar á að vera hægt að nálgast upplýsingar og sinna öllum erindum við bæjarfélagið ásamt vísun til frekari upplýsinga og viðkomandi ábyrgðarmanna. Að öðru leyti er vísað í verklagsreglur sem gilda um vef Hafnarfjarðarbæjar.*

## TILGANGUR, MARKMIÐ OG UMFANG

Tilgangur og markmið verklagsreglunnar er að tryggja vef Hafnarfjarðarbæjar heildstæða og samræmda umgjörð og útlit. Til vefs Hafnarfjarðarbæjar teljast vefsvæði allra málaflokka og stofnana bæjarins og tekur verklagsreglan til þeirra allra.

## VEFUR OG VEFSVÆÐI

Á vef bæjarins á notandi að geta nálgast upplýsingar um alla málaflokka á vegum bæjarins. Allar einingar bæjarins eiga að halda úti vefsvæði og ber yfirmaður hvers málaflokks ábyrgð á að efni á vefsvæðinu sé rétt og yfirfarið eða tilnefnið ábyrgðarmann efnis fyrir sína hönd. Ábyrgðarmaður ber ábyrgð á daglegri umsýslu efnis á vefsvæðinu og er tengiliður við tölvudeild og ritstjóra.

## TUNGUMÁLOG ÁREIÐANLEIKI

Íslenska er opinbert mál á vef Hafnarfjarðarbæjar og allar upplýsingar á vefsvæðum á að setja fram á hnitmiðuðu og vönduðu máli. Málfar vefsins á að miða við almennan lesanda og forðast skal sérhæfða eða tæknilega orðanotkun eins og kostur er. Ensk útgáfa af vef skal vera til staðar fyrir mikilvægar upplýsingar um starfsemina. Önnur tungumál skulu notuð sé notkun þeirra til þess ætluð að ná til ákveðinna markhópa.

Samræmi skal vera í öllum upplýsingum á vef bæjarins, upplýsingar um sama efni mega ekki stangast á og tengja skal á milli síðna frekar en margskrá sömu upplýsingarnar. Stöðugt verður að huga að gæðastarfi til að efla og bæta vefinn og gagnsemi hans fyrir notendur, vefurinn er hluti andlits og ímyndar bæjarins.

## SKIPULAG, ÚTLIT OG INNIHALD

Vefur bæjarins samanstendur af hafnarfjörður.is og undirvefsvæðum. Undir- og hliðarvefsvæði þeirra eru öll þau vefsvæði sem eru á ábyrgð og kostuð af Hafnarfjarðarbæ og stofnunum hans. Ekki er heimilt að stofna ný vefsvæði eða sérstaka vefi innan vefsins nema samþykki tölvudeildar liggja fyrir með staðfestum hætti. Öll vefsvæði bæjarins skulu bera með sér að vera hluti af vef Hafnarfjarðarbæjar.

Tölvudeild skipuleggur og ber ábyrgð á veftré vefsins. Veftré allra stofnana og deilda skal vera samræmt til að auðvelda notanda leit að efni. Ábyrgðarmanni einstaks vefsvæðis er þó heimilt að óska eftir að ákveðnir flokkar verði ekki birtir á vefsvæðinu ef þeir eru ekki gagnlegir þar. Ábyrgðarmenn mega einnig bæta við flokkum þegar dýpra er komið á vefnum.

Nota skal hlekkjunarheiti fyrir hverja síðu sem er einkennandi fyrir viðkomandi einingu, til dæmis *thjonustuver* fyrir síðu sem sýnir upplýsingar þjónustovers eða *starfsmenn\_adalskrifstofa* fyrir síðu um starfsfólk aðalskrifstofu. Ekki má nota séríslenska stafi. Skjal sem sett er upp á vefinn og er aðgengilegt notanda skal ekki bera séríslenska stafi í heiti sínu. Hver síða skal hafa fyrirsögn sem stemmir við heiti á síðunni.

Útlit vefs Hafnarfjarðarbæjar og þar með talið einstakra svæða hans skal mynda eina heild og vera í samræmi við hönnunarstaðla bæjarins. Merki bæjarins, Vitinn, skal vera sýnilegt efst í vinstra horni á öllum vefsíðum og vera tengill sem færir notanda á [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is), – notandi skal ávalt komast á forsiðuna með því að smella á Vitann. Tryggt skal að uppsetning og notkun Vitans sé samkvæmt hönnunarstaðli og reglugerð um merki Hafnarfjarðarbæjar.

Letur og stærð er skilgreint í stílsniðum sem tölvudeild stýrir. Sjálfgefin leturgerð á vélum notenda er sans-serif. Stærðir eru mismunandi eftir staðsetningu texta en lágmarksstærð er 10 punktar. Myndir skulu ekki hafa meiri upplausn en 72px (skjápunktur á tomnu). Í stöðluðu útliti vefs Hafnarfjarðarbæjar er hámarksbreidd á myndum 420px. Myndir í vinstri dálki og



með fréttum eru 150x150px. Nafn bæjarins og stofnunar eða deildar, staðsetning og aðrar gagnlegar aðgengisupplýsingar þurfa að koma fram neðst á hverri vefsíðu. Hlutverk málaflokks / stofnunar skal koma fram á vefsvæðinu. Framsetning upplýsinga á vefnum á að vera aðgengileg fyrir almennan notanda og í samræmi við gildandi reglur og viðmið um aðgengi fatlaðra. Að öðru leyti eru útliti ekki settar sérstakar skorður, enda er reiknað með að þættir sem varða útlit séu endurmetnir reglulega. Tölvudeild sker úr um vafaatriði um þessi og önnur skipulags- og útlitsatriði, ef upp koma.

Ábyrgðarmaður hvers svæðis vefsins skal hafa upplýsingar um netfang, símanúmer og starfssvið sitt á áberandi stað til að notandi geti fyrirhafnarlítið sent fyrirspurnir og athugasemdir.

Á vef og einstökum vefsvæðum bæjarins skulu ekki vera aðrar fréttir og auglýsingar en þær sem varða eða tengjast Hafnarfjarðarbæ. Ritstjóri vefsins sker úr um vafaatriði um þessi og önnur efnisatriði, ef upp koma.

## TÆKNI

Vefumsjónarkerfi sem notað er á hverjum tíma er samkvæmt ákvörðun tölvudeildar. Viðbætur og breytingar eru unnar af tölvudeild í samráði við þá sem málið varðar. Hægt skal vera að leita á vefnum úr vefumsjónarkerfi, leitin skal vera skilgreind á öllum svæðum vefsins. Nöfn á lénnum skal hafa eins skýr og gagnsæ og auðið er. Þau ber að ákveða í samráði við tölvudeild.

Allar upplýsingar eiga að birtast fljótt og skýrt í öllum algengustu gerðum vafra (Internet Explorer, Mozilla Firefox, Safari, Opera, Chrome) og stýrikerfum (Windows, MacOSX og Linux). Óheimilt er að setja hverja þá tegund efnis á vefinn sem ekki er aðgengileg í helstu vöfrum og stýrikerfum án sérstakra viðbóta. Tölvudeild getur veitt heimild til undanþágu á þessu ef raunveruleg þörf á slíku er fyrir hendi sem verður ekki leyst með venjulegum myndum og HTML/CSS kóða. Vefur skal vera í samræmi við vefstaðla WC3. Til staðfestingar skal bera vef Hafnarfjarðarbæjar saman við <http://validator.w3.org>

## ÁBYRGÐ

Tölvudeild Hafnarfjarðarbæjar hefur yfirumsjón með vef og einstökum vefsvæðum Hafnarfjarðarbæjar, ákveður vefumsjónarkerfi, skipuleggur og ber ábyrgð á veftré og hefur í samvinnu við ritstjóra vefsins eftirlit með að verklagsreglunni sé framfylgt. Tölvudeild ber ábyrgð á að þróa verklagsregluna í samræmi við tækniþróun og vefumhverfi og kynna ábyrgðarmönnum einstakra vefsvæða.

Tölvudeild ber ábyrgð á rekstri vefmiðlara, vistar vefinn í öruggum gagnagrunni, tryggir að vefurinn og efni hans sé stöðugt og verndað með öryggisbúnaði sem nauðsynlegur þykir hverju sinni. Óheimilt er að sækja um lén eða opna vefsvæði nema með samþykki tölvudeildar. Tölvudeild ber ábyrgð á að veita þeim sem vinna efni á vefinn aðgang að viðkomandi vefsvæðum. Ef aðgangur er ekki notaður skal tölvudeild loka honum.

Ritstjóri vefsins ber ábyrgð á fréttum og viðburðum á forsiðu. Í því felst að skrifa og birta fréttir og upplýsingar um viðburði á vegum bæjarins almennt, auk þess að velja úr og birta fréttir og upplýsingar um viðburði einstakra deilda.

Ábyrgðarmaður efnis hvers málaflokks ber efnislega ábyrgð á sínu svæði vefsins. Honum ber skylda til að fara eftir þessari verklagsreglu og vinnur í samráði við tölvudeild og ritstjóra, einnig þegar um vafaatriði er að ræða. Hver málaflokkur ber ábyrgð á birtingu fréttar og upplýsinga um viðburði sem tengjast málaflokknum. Stofni starfsmaður samskiptavef vegna viðburðar eða stofnunar bæjarins er efnið á ábyrgð starfsmannsins. Hver starfsmaður sem setur efni inn á vefinn þarf að afla sér lágmarkspækkingar í því vefumsjónarkerfi sem notað er og ber að tileinka sér fagleg og vönduð vinnubrögð.

***Verklagsreglan var samþykkt á sviðstjórafundi 4. desember 2009, hún fellur undir endurskoðunarákvæði upplýsingastefnu Hafnarfjarðarbæjar enda nánari útfærsla hennar.***